

Ípróttta og tómstundaráð

Erindi: útiskotsvæði fyrir bogfimi á Hamranesvelli.

Undirritaður hefur verið í góðu sambandi við Geir Bjarnason sem hefur verið einkar jákvæður í garð bogfiminar og hefur nú þegar gefið leyfi til notkunar á Hamranesvellingnum og þakka ég honum mikið fyrir velvildina. Við höfum fengið að vera með skotmörkin á enda Hamranesvallar og skotið þvert á hann. Lengsta skotmark er í 70 metra fjarlægð. Svo er skotið á 50 metra vegaleng og það sem er næst skotlínu er í 40 metra fjarlægð. Hingað til höfum við verið með tvö skotmörk uppstillt á 50 metrum og svo 70 metrum og er það þannig núna með leyfi Geirs.

Hamranesvöllur er því að tilvalinni stærð. Hættuvegalengd fyrir aftan skotmörk þarf ekki að hafa áhyggjur af því það er ekkert fyrir aftan skotmörkin eins og þeim er stillt upp í dag. Breiddin sem við þurfum fer eftir hversu mörgum skotmörkum við megum stilla upp. Reikna má með að skotmark þurfi c.a. 2 metra á breidd þannig að á 6 metra breidd er hægt að hafa 3 skotmörk hlið við hlið og á mismunandi vegalengdum. Skotmenn skjóta alltaf frá sama stað á skotlínu.

Ef af verður og þið leyfið afnot þá fer breidd okkar hins vegar eftir því hvað þeir sem við deilum vellingnum með þurfa og vilja mikið pláss fyrir sína íprótt. Við höfum verið að deila velli með FH og Haukum og hefur það gengið án vandræða.

Draumurinn er að fá fasta aðstöðu og afnot af vellingnum. Sjálfsagt er að byrja á þessu til reynslu t.d þetta sumar og pottþétt næsta sumar árið 2019 og sjá hvernig gengur.

Ef afnot eru leyfð er þá athugandi að við fáum að lengdar- og breiddarmerkja skotvöll til afmörkunar í formi lítilla staura og eða nota línur og þessháttar, jafnvel skilti um að um bogfimivöll sé að ræða, ef ekki þá væri það allt í góðu. Þetta eru bara svona vangaveltur sem mætti ræða seinna ef þið takið vel í þessa hugmynd og leyfið afnot. Ekki er um að ræða aukinn kostnað fyrir bæjarfélagið einungis heimild til afnota á svæðinu.

Í dag eru starfrækt tvö bogfimifélög, Boginn í Kópavogi og Freyja í Reykjavík. Ég hef komið að þjálfun og starfssemi beggja félaganna en hjá þeim hefur aðgengi ekki verið neitt sérlega gott og ekkert útisvæði. Það er því ósk mín að í Hafnarfirði sé aðgengi til reynslu að útisvæði.

Einnig vildi ég nefna það að ef ykkur þætti það skoðandi að stofna nýtt bogfímifélag í Hafnarfirði sem væri viðbót við það frábæra íþrótt- og tómstundastarf sem Hafnarfjörður skartar, þá gæti ég verið ykkur innan handar við slík mál . Það er kannski draumur fyrir framtíðina. Telja má bogfími til jaðariþróttar en vinsældir þess hafa aukist verulega á síðustu árum og tel ég að Hafnarfjörður gæti verið leiðandi í þessari íþrótt undir merkjum heilsuþjálfarins Hafnarfjarðar.

Rétt er að gera örlítið grein fyrir mér en ég er meðal annars bogfímipjálfari og er útskrifaður með W.A. bogfímipjálfararéttindi (World Archery) og er búinn að vera bogfímipjálfari í Bogfímisetrunu sem er einkarekið, frá því ég lauk náminu hjá W.A. Í Bogfímisetrunu hef ég starfað með ungum krökkum/ unglíngum . Hópurinn kallast U21. Krakkarnir / unglíngarnir eru frá 10 ára og alveg uppí 20 ára. Ég hef verið með einkakennslu og líka byrjandanámskeið fyrir aldurinn 16 ára og eldri þar sem fólk útskrifast og fær réttindi til að geta stundað íþróttina áfram og eignast sinn eigin búnað samkvæmt lögum. Ég er með réttindi til dómgæslu og mótstjórnunar, þar sem ég hef lokið landsdómaraprófi í dómgæslu. Ég var einnig að ljúka námi á vegum ÍSÍ í þjálffræði.

Ef eitthvað er óljóst og eða þið óskið eftir frekari upplýsingar þá endilega hafið samband og ég svara um hæl eða komið á fund til ykkar til að gera betur grein fyrir erindi mínu.

Hlakka til að heyra í ykkur.

Með fyrirfram þökk,
Sveinn Stefánsson
Bogfímipjálfari